

Safnasafnið

Icelandic Folk and Outsider Art Museum

2023



Safnið

Safnasafnið, höfuðsafn íslenskrar alþýðulistar, var stofnað árið 1995 af þeim Nielsi Hafstein og Magnhildi Sigurðardóttur. Stofnendur hafa í rúm 30 ár safnað af ástríðu verkum helstu alþýdulistamanna landsins, listamanna sem af ýmsum ástæðum hafa verið á jaðrinum eða utanveltu við meginstrauma, stundum kallaðir *næfir* eða *einfarar* í myndlistinni, en eru í raun beintengdir sköpunarverkinu; sannir, óspilltir og frjálsir. Einnig er litið til lærðra listamanna sem fara eigin leiðir í listsköpun og sem fellur að sýningar- og söfnunarstefnu Safnasafnsins. Er gengið út frá því að verk allra listamanna í safneign og á sýningum séu á jafnréttisgrunni. Safneignin telur þúsundir listaverka sem eru gerð af bæði lærðum og sjálflærðum listamönnum, allt frá miðri nítjándu öld til dagsins í dag

Sýningaraðstaðan samanstendur af gamla barnaskólanum sem jafnframt var þinghús Svalbarðshrepps á árum áður, og kaupfélagshúsinu Gömlu-Búð sem reist var árið 1900 á Svalbarðseyri en flutt á safnlóðina og endurgert. Voru þessi tvö virðulegu hús tengd saman með nútímalegri viðbyggingu og hafa frá árinu 2007 verið umgjörð fjölmargra áhugaverðra sýninga í tíu misstórum sölum og í alls um 500 fermetrum af sýningarrými. Skipt er um sýningar á hverju ári og verk úr safneign sett upp með nýjum áherslum í samspili við verk annarra listamanna sem boðið er til leiks. Lögð er áhersla á að mynda skapandi flæði milli listaverka og sýningarsala og nýjar sjónlínur sem laða fram einstaka upplifun

Safnasafnið stendur við Þjóðveginn ofan við Svalbarðseyri, austanmegin við Eyjafjörð, um 10 mínútna akstur frá Akureyri



The museum

The Icelandic Folk and Outsider Art Museum was founded in 1995 by Niels Hafstein and Magnhildur Sigurðardóttir. For over 30 years the museum's founders have been passionately committed to collecting artworks by artists who have hitherto been seen as outside the cultural mainstream, often also called naïve or outsider artists who have a real and direct connection to an original creative spirit; true, unspoiled, and free. The museum is unique in Iceland, initially collecting artworks by all major contemporary folk artists and autodidacts in Iceland, forming the core of the collection, while also gradually acquiring an excellent collection of art by professional artists, whose works cohere with exhibition and collection policies. It is of importance that all the artworks presented are on an equal footing, in exhibitions as well as the collections. The core collection

consists today of thousands of artworks and sketches by over 300 artists, dating from the mid-19th century to the present.

The Icelandic Folk and Outsider Art Museum's exhibition space consists of two adjoining vintage buildings with a local history; one is the former elementary school and community centre, while the other was built in 1900 to house the district's first cooperative store. The museum has 10 separate galleries of various sizes, a total of 500 square metres of exhibition space. Each year there is a new set of exhibitions in the museum, featuring works from the collection in interaction with visiting works of art. The emphasis is on creative flux between artworks and artists and extended lines of sight evoking a unique experience.

The Icelandic Folk and Outsider Art Museum is located in North Iceland, near Svalbarðseyri, about 10 minutes drive eastwards from the town of Akureyri, on the opposite side of the fjord.



Verk úti og í anddyri

Hávaxni bláklæddi safnvörðurinn var gerður af listahópnum **Huglist** árið 2009 og hefur staðið vörð um safnið á planinu allar götur síðan. Við innganginn er stækkuð ljósmynd af málverki eftir **Eggert Magnússon** og höggmynd á sama vegg eftir **Hauk Halldórsson** sem sýnir guðinn Þór lyfta Miðgarðsormi í kattarlíki. Á hlaðinu taka fagnandi á móti gestum steipt og hvítmáluð frumskógardýr eftir **Helga Valdimarsson**. *Elskundur í hálfu öld*, tréskúlpútur eftir **Aðalheiði S. Eysteinsdóttur** er við innganginn ásamt verkum **Ragnars Bjarnasonar** frá Öndverðarnesi úr járnbentri, málaðri steinsteypu. Verk Ragnars má einnig finna í anddyri safnsins á sýningunni *Fjölskylda og vinir*, sem og verk eftir **Guðjón R. Sigurðsson** frá Fagurhólsmýri, **Helga Þórsson** og nemendur í Valsárskóla á Svalbarðsströnd. Verk eftir börn í Leikskólanum Álfaborg eru sýnd í Blómaskálanum.

Við sólpall að vestan er tréskúlpúturinn *Bæn* eftir **Hjalta Skagfjörð Jósefsson**.

Works outdoors and by entrance

The tall museum guard in blue was made by the art group **Huglist** in 2009 and has been standing watch outside the museum ever since. On the wall by the entrance an enlarged photograph of a painting by **Eggert Magnússon** is on display, and on the same wall – a sculpture by **Haukur Halldórsson** depicting the Norse god Thor lifting the Midgard Serpent in the shape of a cat. On the stone wall opposite the entrance, white painted concrete jungle creatures by **Helgi Valdimarsson** welcome guests. *Lovers for Half a Century*, a wooden sculpture by **Aðalheiður S. Eysteinsdóttir** stands by the entrance along with works by **Ragnar Bjarnason**, made from reinforced, painted concrete. Ragnar's works are also inside the entrance, as part of the exhibition *Family and Friends*, next to works by **Guðjón R. Sigurðsson**, **Helgi Þórsson**, and students from Valsárskóli primary school in Svalbarðaströnd. Works by children from Álfaborg nursery school are on display in the flower room.

On the sundeck west of the building, *Prayer*, a wooden sculpture by **Hjalta Skagfjörð Jósefsson** is on display.



Samstarf

Árlega efnir Safnasafnið til samstarfs við grunn- og leikskóla á Eyjafjarðarsvæðinu. Þetta samstarf er hugsað til þess að efla listrænan áhuga og hugmyndaflug barnanna frá unga aldri, en einnig er safninu heiður og ánægja að þátttöku þeirra, lífsgleði og sköpunarkrafti. Börnin í leikskólanum Álfaborg sýna verk sín í blómastofunni inn af brúðusafninu og nemendur í Valsárskóla sýna verk sín í anddyrinu. Í ár gerðu gerðu börnin verk undir sýningarheitinu *Fjölskylda og vinir*.

Collaboration

Each year the Icelandic Folk and Outsider Art Museum collaborates with a primary or nursery school in the Eyjafjörður area. This collaboration is intended to boost artistic interest and imagination among children from a young age, but it is also an honour and pleasure for the museum to participate with the children who bring their joy of life and creative force. The children in the nursery school Álfaborg display their work in the Flower Room adjacent to the doll collection, and students of Valsárskóli primary school have their work on display in the entrance. This year the collaborative exhibition is titled *Family and Friends*.



Í garðinum heima

Við gerð verka sinna nálgast listamaðurinn **Pálmi Kristinn Arngrímsson** (1930–2015) frumefli mannsins af hógvæð og smekkvísi. Hann horfði til bernsku, sambands móður og barna og grósku og þróunar í mörgum myndum. Hann leitaði líka fanga í heimi stjórnmála og alþjóðlegra umbrota, var hugsi yfir hvers kyns öfugþróun og niðurbroti mannsandans. Þótt verk hans beri keim af myndlist fjarlæggra landa, Afríku og Suður-Ameríku, þá vann hann úr þeim hughrifum með einstökum hætti og fann sinn persónulega stíl.

The Garden at Home

When creating his work, the artist **Pálmi Kristinn Arngrímsson** (1930–2015) approached the primal human instinct with humility and sensibility. He looked to childhood, the relationship between mother and child, growth and development in many forms. He was also inspired by the world of politics and international turmoil, was concerned with any sort of retrogression and deterioration of the human spirit. Even though his works have resemblances of visual art from far away, Africa and South America, he used that inspiration in a unique manner and found his own personal style.



Brúðustofa

Til vinstri inn af inngangi er brúðustofan sem hefur til sýnis brúður íklæddar búningum frá flestum heimshornum. Brúðurnar á sýningunni eru 400 talsins, en í safneign eru töluvert fleiri. Innlendir sem erlendir gestir hafa ánægju af að finna brúður frá heimalandi sínu og fræðast um leið um menningu annarra landa.

Pöggun – Aldrei aftur

Í ár er stillt upp verkum **B. Sóleyjar Pétursdóttur** inni á brúðustofu. Líf Sóleyjar hefur einkenst af einelti, útilokun, höfnun og kynferðislegu ofbeldi sem leiddi til þess að hún hóf að skaða sjálfa sig. Með því að raungera misnotkunina og nota myndlistina til að útiloka sjálfskaðann varð til kröftugur innri sem ytri heimur með fjölbreytilegum og persónulegum verkum.

Doll Room

To the left of the entrance, we have the Doll Room boasting dolls in national costumes from all over the world. There are 400 dolls on display, though the museum collection holds a significantly larger number. Local and foreign visitors enjoy pinpointing dolls from their own country while also learning about other cultures.

Silencing – Never Again

This year works by **B. Sóley Pétursdóttir** have been installed in the Doll Room. Sóleys's life has been marked by bullying, exclusion, rejection, and sexual violence, which led to self-mutilation. By recreating the abuse visually and using her art to prevent self-mutilation she has created a powerful internal and external world with diverse and personal expression.



Í björtum sal

Hjálmar Stefánsson (1913–1989) fæddist á Smyrlabergi á Ásum í Austur-Húnavatns-sýslu. Hann bjó lengst af á Blönduósi, stundaði ýmis störf og byrjaði að mála á efri árum. Málverk Hjálmars eru sjálfsprottin og hafa enga fyrirmynd aðra en náttúruna sem hann þekkti og unni. Yfir þeim er barnslegur blær sem vitnar um lífandi nálægð. Hann tjáir hvernig veðrið skekur landið, færir það úr stað og mótar nýja ásýnd.

Hönnun sýningarinnar vísar í Smyrlabergið og með því að hengja málverkin frekar þétt myndast klettabelti. Hvit umgjörð salarins er hugsuð sem nokkurs konar andrými utan um hugmynd, inntak, form, línu og lit – sem um leið afmarkar og dregur athyglina að listsköpun Hjálmars.

In a Bright Room

Hjálmar Stefánsson (1913–1989) was born in Smyrlaberg in Ásar in Austur-Húnavatns-sýsla. He lived most of his life in Blönduós, working various jobs, and only started painting later in life. Hjálmar's paintings are spontaneous and have no other model than the nature he knew and loved. There is a naive subtlety to the works, bearing witness to a vibrant intimacy. He expresses how the weather effects the country, moves it about and shapes new landscapes.

The design of the exhibition refers to Smyrlaberg, a cliff where he grew up. By hanging the paintings in a concentrated formation an escarpment is formed. The white surroundings of the room are meant to act as a breathing space for an idea, a content, shape, line, and colour – while at the same time defining and drawing attention to Hjálmar's art.



Austursalur

Kærleikurinn er kær leikur

Listsköpunin var framar öllu í lífi **Nonna Ragnas** (1951–2019), ljósið sem leiddi hann áfram. Hann var samkynhneigður á tíma þegar frávik voru fyrirlitin. Hann upplifði einelti, barsmiðar og einangrun en líka upprisu og breytta tíma sem hann átti þátt í að ryðja til rúms. Nonni var óvenju næmur, hann mótaðist af miklu róti og umbreytingum á seinni hluta tuttugustu aldar og upphafi þeirrar tuttugustu og fyrstu. Nýir sjónarhólar birtust, ný afstaða gagnvart skiptingu kynja, kynhneigð og hörundslit.

Nonni fékk hvergi að sýna verk sín opinberlega, listheimurinn hafnaði honum, en hann lét aldrei undan. Hann umbreytti heimkynnum sínum í Elliðaárdal í sýningar- og dansstað þar sem farið var höndum og penslum yfir hurðir, borð, veggir og loft. Verk hans sem hér eru til sýnis bera vitni um hugkvæmni og fjölbreytileika. Hver afmörkuð heild kallast á við aðra innan rýmisins, ögrar og heillar í senn.

East Room

Love is a Lovely Game

Art was everything to **Nonni Ragnas** (1951–2019), it was his guiding light. He was a gay man in a time when deviation was despised. He was bullied, beaten, and ostracised but he also lived to see changing attitudes, which he played a part in shifting. Nonni had a unique sensitivity, he was influenced by great tumult and upheaval in the latter part of the twentieth century and the beginning of the twenty-first. New horizons emerged, new attitudes towards definition of gender, sexual orientation, and skin colour.

Nonni never got to display his artwork in public, the art world rejected him, but he never gave up. He transformed his home in Elliðarárdalur into an exhibition and dance space where no surface went untouched by his hand. He painted every door, table, wall, and ceiling. Each particular entity interacts with another within the space, provoking and charming at the same time.



Suðurstofa

Heimilisprýði

Í Suðurstofu eru í ár sýnd útsaumsverk eftir **Sísi Ingólfssdóttur**. Sísi hefur í listsköpun sinni beint sjónum að kynjahlutverkum og birtingarmyndum þeirra. Hún vinnur þvert á listform, allt frá gjörningum yfir í keramik, textaverk, handverk og innsetningar. Hér kallast verk hennar á við útsaumsverk úr safni Jennýjar Karlsdóttur og mynda áhuga-verðar tengingar og samtal þeirra á milli.

South Room

Domestic Ornaments

This year the South Room displays embroidery by **Sísi Ingólfssdóttir**. Sísi's artworks focus on the manifestations of gender roles. She works across disciplines, using anything from performance to ceramics, text, handcraft, and installation. Here, using embroidery, her work takes on a dialogue with the embroidery from Jenný Karlsdóttir's collection, highlighting connections and connotations.



Verslunin

Verslun Ásgeirs G. Gunnlaugssonar & Co var í Austurstræti í Reykjavík og í eigu sömu fjölskyldu allt frá 1907 til 2006, þegar hún var lögð niður. Í dag eru innréttingarnar notaðar sem umgjörð um sýningar tengdar textil, hannyrðum og handverkshefðum.

Stofa Jennýjar Karlsdóttur

Jenný Karlsdóttir ánafnaði nýverið Safnasafninu veigamikilli textílgjöf og er fyrirhugað að kynna gjöf hennar á næstu árum með röð sýninga og fróðlegum fyrirlestrum. Fyrsta sýningin á textilverkum og hannyrðum úr safni Jennýjar Karlsdóttur er stillt upp í verslunarrýminu og svokallaðri Suðurstofu inn af versluninni. Ber þar fyrst að nefna faldbúning sem Jenný saumaði út með jurttalituðu garni og smíðaði hún einnig að hluta tilheyrandi silfur. Faldbúningur er elsta gerð þjóðbúningis íslenskra kvenna.

Í versluninni og Suðurstofu eru að auki sýnd svokölluð puntuhandklæði úr gjöf Jennýjar sem húsfreyjur saumuðu út til heimilisprýði og hengdu upp í eldhúsi til að hylja óhrein viskustykki.



The Store

Ásgeir G. Gunnlaugsson & Co. had a clothing and textile store in Austurstræti in Reykjavik that ran in the same family from 1907 to 2006, when it was closed down. Today the shop's fixtures and fittings are used to frame exhibitions relating to textile, needlework, and handcraft.

Jenný Karlsdóttir's Room

Jenný Karlsdóttir recently donated a substantial gift of textile works to the museum, and the plan is to present this gift in the coming years with a series of exhibitions and lectures. The first exhibition of textile works and handcraft from Jenný's collection is installed in the shop space and the adjacent South Room. A special mention must be made of a *faldbúningur* – a festive national dress that Jenný embroidered with herbal dyed yarn and crafted in part the accompanying ornamental silver. The *faldbúningur* is the oldest type of national costume of Icelandic women.

Also, on display in the shop and the South Room are so-called ornamental towels that women embroidered and hung up in kitchens to conceal used tea towels. These are part of the collection of Jenný's donation.





Bókastofa

Í bókastofunni eru ógrynni bóka og fræðiriti um flestar helstu listgreinar, svo sem myndlist, hönnun, arkitektúr, textíl og handverk. Fræðafólk og áhugamenn geta þar einnig fengið aðgang að upplýsingum um safneign, sýningarhald og rannsóknir Safnasafnsins á alþýðulist og alþýðulistamönnum.

Úr afgangum eða engu

Í bókastofunni eru í ár sýnd verk **Stefáns Tryggva- og Sigríðarsonar** sem öll eiga það sameiginlegt að vera unnin í við, en með ólíkum hætti. Verk þessa fjölbæfa manns bera merki um þolinmæði, yfirlegu og natni.

Library

The museum library contains hundreds of books and an impressive amount of source material on visual arts, design, architecture, textile, and crafts. It also includes documents about the Icelandic Folk and Outsider Art Museum, its exhibitions since the outset, the collection, various papers on outsider art and artists, as well as the museum's own research and documentation.

From Scraps or Nothing

This year the works of **Stefán Tryggva- and Sigríðarson** are on display in the library. These works are all made from wood, but with different techniques. The works of this talented man bear witness to his patience, attention, and meticulousness.



Norðursalir

Hágæða límré

Klemens Hannigan er myndlistarmaður, tónlistarmaður og smiður – vöfundur á öllum sviðum. Hann er jafnvígur á húsgagna- og lagasmíði og hefur ríka tilfinningu fyrir myndbyggingu, efni og rými. Hann hugsar með höndunum og verkfærunum beint í efniviðinn. Hann segir verk sín meðal annars vera hugleiðingar um form og formleysu.

Í rýminu sýnir Klemens rennda víðarskúlptúra. Skúlptúrin *Áttatíu og átta*, sem var útskriftarverk frá Listaháskólanum árið 2022, er til sýnis ásamt nýrri og minni endurgerð. *Fjörtíu og átta* er skúlptúr unninn sérstaklega fyrir þessa sýningu og byggir á sömu grunnhugmynd og *Áttatíu og átta* en hefur meiri mildi og mætti segja að sé jafnvel andhverfa hins. Grunnurinn að báðum verkum er ferhyrningur, formin verpast úr kassa, ýmist þyrnótt eða mjúk.

North Rooms

Top Quality Butcher Block

Klemens Hannigan is a visual artist, musician, and carpenter – a master of all trades. He is as skilled at crafting furniture as music, with a strong sense of composition, material, and space. He thinks with his hands and his tools directly into the material. He says that his works are among other things a contemplation on shape and shapelessness.

Klemens displays turned wooden sculptures in the space. The sculpture *Eighty-eight*, which was his graduation piece from the Iceland University of the Arts in 2022, is on display alongside two new and smaller models. *Forty-eight* is a new sculpture made especially for this exhibition and while it is based on the same basic concept as *Eighty-eight* it has more gentleness to it; in fact, it could be said that it was an inversion of the other. The basis of both works is a rectangle, the shapes warp out of a box, either prickly or soft.



Norðursalir

Millilending

Anna Hallin og Olga Bergmann sýna hér saman ný verk með sameiginlegu leiðarstefi og vísa gestum út fyrir gufuhvolfið. Þær vinna í ólíka miðla en deila áhuga á viðfangsefnum eins og þekkingarsköpun og spáskáldskap. Báðar hafa þær lengi fengist við að sýna okkur inn í nýja heima og þessi sýning er þar engin undantekning.

Anna og Olga búa og starfa í Reykjavík þar sem þær hafa vinnustofu í Fyrirbæri, miðstöð listamanna. Þær starfa yfirleitt hvor í sínu lagi en hafa jafnframt unnið að afmörkuðum samstarfsverkefnum frá árinu 2005.

North Rooms

Stopover

Anna Hallin and Olga Bergmann exhibit diverse works with common themes. The works guide the viewer beyond Earth's atmosphere. While they share an interest in subject matters such as knowledge creation and speculative fiction, the pair work in diverse media. Olga in wood and Anna in ceramic relief, and watercolours. Both artists have been showing us glimpses into new and unknown worlds for a long time, and this exhibition is no exception. Anna and Olga live and work in Reykjavik where they have a studio in Phenomen, a centre for artists. They work separately but have on occasion collaborated on specific projects since 2005.




Norðursalir

Svartigaldur

Hildur María Hansdóttir hefur lengi lagt stund á listræna ljósmyndun og beint linsu sinni að skuggamyndum í húsasundum nærri heimili þeirra hjóna. Hún nálgast viðfangsefni sín af fagurfræðilegri nákvæmni, vakandi eftirtekt og næmi fyrir fingerðum blæbrigðum í samspili leiðandi línu og formgerða. Mismunandi sjónarhorn skapa vægi og öryggstilfinningu með því að skoða eitt og töfra annað fram.

Guðmundur Ármann er reynslumikill myndlistarmaður. Grafíkverkin sem hér eru til sýnis eru unnin undir áhrifum frá því hann vann í Slippnum á Akureyri 1973–1974. Þar voru stunduð hættuleg störf við erfiðar aðstæður sem lögðu öryggi starfsfólks í hættu. Reynslu sína skar hann út í línoleumdúka og þrykkti myndir í misstórum upplögum. Einkenni myndanna er sparsemi og einfaldleiki forma á litlum flötum. Línur og myndbygging tengja formin saman í leikandi flæði, og upphefja vinnuna og verkafólkið sem verkin sækja innblástur til.



North Rooms

Black Magic

Hildur María Hansdóttir has been taking photographs for a long time and turning her lens at silhouettes in alleyways in her neighbourhood. She approaches her subject with aesthetic precision, alertness, and a sensitivity for delicate nuances in the interaction of line and structure. Different angles create a balance and sense of safety by looking at one thing and conjuring up another.

Guðmundur Ármann has accumulated skill in his long career in the field of visual art and printmaking. The prints on display here draw inspiration from a time when he worked at the Slippurinn shipbuilding and repair company in Akureyri 1973–1974. The dangerous tasks and difficult conditions posed a danger to the workers. Guðmundur carved his experience and impressions into linoleum and printed them in various editions. The images are characterised by bareness and simplicity of forms on small surfaces. Lines and composition link the forms in a playful flow and elevate the work and the workers that inspired the artwork.



Langisalur

Tungumál efnisins

Myndsköpun **Brynhildar Þorgeirsdóttur** er hægt að setja upp eins og ættartré, verk hennar fæðast og tengjast og geta af sér afkomendur. Vissar breytur endurtaka sig og þróast, en síðan verður stökkbreyting og ný grein vex úr stofninum. Verkin sem hér eru til sýnis urðu til í spuna þar sem Brynhildur ýtti aðstoðarfólki sínu út fyrir þægindaramma sinn við glerblástur. Hún vildi að blásararnir misstu tókin svo hún gæti stjórnað stjórnleysinu og að loknu ferlinu fengi hún í hendur hluti sem yrðu henni framandi. Algert traust ríkti í samvinnunni og vinnuferlið byggði á samspili og jafnvægi milli þyngdarafis og hreyfingar.

Long Room

The Language of Material

Brynhildur Þorgeirsdóttir's creations can be arranged like a family tree; her works are born, they connect and conceive descendants. Certain parameters repeat and evolve, but then there will be a mutation and a new branch will sprout. The works on display here were made during an improvisation where Brynhildur pushed her assistants out of their comfort zones while blowing glass. She wanted the glass blowers to lose control so that she could control the chaos and reap at the end of the process objects that would be foreign to her. There was complete trust during the collaboration and the work process was based on a balance between gravity and movement.



Útgáfa / Publication

Safnasafnið hóf útgáfu á sýnisbókum safneignar árið 2016 í þeim tilgangi að rannsaka og kynna fleirum en þeim sem heimsækja sýningar safnsins listaverkæign sína. Að baki liggur fyrst og fremst sú stefna að skrásetja og miðla vanmetnum bætti íslenskrar listasögu sem safnið hlúir markvisst að. Sýnisbækurnar sem nú þegar hafa komið út fjalla um fjölbreytt verk ólíkra listamanna.


The Icelandic Folk and Outsider Art Museum launched its *Showcase* publication series in 2016, with the objective of publishing research about its collection and presenting it to a wider public. The primary goal is to reflect the museum's policy of cataloguing and mediating an undervalued aspect of Icelandic art history, which the museum systematically nurtures. The *Showcase* books so far published focus on the different works of diverse artists, both known and unknown.



Íbúð / Apartment

Í Safnasafninu er íbúð sem stendur fræðimönnum til boða. Íbúðin er 67 fermetrar og getur hýst 4–5 manns, hún er með sérinngangi og útbúin húsgögnum og eldunaraðstöðu. Íbúðin umvefur fólk með hlýju andrúmslofti liðins tíma og daðrar við sjóntaugarnar. Fræðimenn hafa aðgang að bókasafni og rannsóknnum Safnasafnsins samkvæmt samkomulagi. Auk þess geta aðrir áhugasamir leigt íbúðina allt árið um kring, nánari upplýsingar eru á vefsíðu safnsins, www.safnasafnid.is

A scholar's apartment at the Icelandic Folk and Outsider Art Museum is available to researchers. The residence is a 67 m² apartment that can sleep 4–5 people, with private entrance, furnished and with a fully equipped kitchen. Researchers have access to the museum library and the museum's own research material by agreement. The apartment is available for rent all year round, also by others than scholars when available. For more information see the museum website: www.safnasafnid.is



Sýningarstjórar / Curators

Niels Hafstein, Unnar Örn, Bryndís Simonardóttir, Harpa Björnsdóttir, Gunnhildur Hauksdóttir, Þórgunnur Þórsdóttir, Þórunn Elísabet Sveinsdóttir og Tómas Jónsson

Ritstjóri / Editor

Gunnhildur Hauksdóttir

Textar/Texts

Bryndís Simonardóttir, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Guðmundur Oddur Magnússon, Gunnhildur Hauksdóttir, Harpa Björnsdóttir, Jenný Karlsdóttir & Niels Hafstein

Þýðing / Translation

Helga Soffía Einarsdóttir

Prófarkalestur / Proofreading

Þórður Sævar Jónsson & Cormac Walsh

Stjórn Safnasafnsins / Board of trustees

Niels Hafstein, Magnhildur Sigurðardóttir, Gunnhildur Hauksdóttir, Harpa Björnsdóttir, Starkaður Sigurðsson, Unnar Örn, Þórgunnur Þórsdóttir

Verk á kápu / Artworks on cover

Pálmi Kristinn Arngrímsson & Olga Bergman

Ljósmyndir / Photographs ©

Daníel Starrason, Ari Luostarinen, Magnhildur Sigurðardóttir, Silja Rut Thorlacius, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Steve MacLachlan, Anne Rombach, Sunna Ben, Owen Fiene, Hildur María Pedersen

Hönnun / Design

Ármann Agnarsson

Prentun / Printing

Litróf hf.

Upplag/Print run: 2500

Undirbúningur, aðstoð og þakkir /

Preparation, assistance and thanks

Arna Valsdóttir, Árný Þóra Ágústsdóttir, Björk Bjarnadóttir, Bryndís Simonardóttir, Cormac Walsh, Gyða Árnadóttir, Guðmundur Vignir Óskarsson, Hans Rúnar Snorrason, Helga Pálmadóttir, Héraðsskjalasafn Austur-Húnavetninga, Héraðsskjalasafn Skagafjarðar, Haraldur Nielsson, Jenný Jóakimsdóttir, Jón Ársæll, Petromyndir, Kristján Már Hauksson, Kristján Þór Júlíusson, Ragna Gestsdóttir, Ragnheiður Harpa Leifsdóttir, Sigrún Hrólfsdóttir, Stefán Sigríðar- og Tryggvason, Inga Árnadóttir, Þórður Sverrisson, Þórunn E. Sveinsdóttir & Tómas Jónsson

Allar ljósmyndir, listaverk, texti og annað efni er verndað skv. íslenskum og alþjóðlegum höfundarréttarlögum. Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda

All photographs, artworks and text are protected under Icelandic and International Copyright Conventions. All rights reserved, including the right to reproduce this publication or any portions thereof, in any form, except for brief quotations in a review or by written permission by the authors and publisher

Gjafir / Donations 2022–2023

Anna Richards, Bjarki Bragason, Bjarni H. Þórarinnsson / Guðmundur Oddur Magnússon, Björn Harðarson, Bryndís Simonardóttir, Erla Þórarinsdóttir, Erna Hlökkversdóttir, Harpa Björnsdóttir, Helga Erlingsdóttir, Helga Guðjónsdóttir, Inger Norðdahl Jensen, Laufey Jónsdóttir og Jón Sigurðsson, Minjasafnið á Akureyri, Sigurrós Pétursdóttir, Unnar Örn, Valgarður Bragason, Vilborg Ingólfssdóttir, Þórður Sverrirrison og systkini, Örn Karlsson

Safninu barst veigamikil gjöf frá /

Special donation from:

Jenný Karlsdóttur

Þakkir vegna samstarfs og stuðnings /

Thanks for collaboration and support

Fjárlaganefnd Alþingis
Íslandsbanki
Minjastofnun
Myndlistarsjóður
Norðurorka
Safnaráð
Samskip
Svalbarðsstrandarhreppur
Listamenn, skólar, velunnarar, aðstoðarfólk, fjölmiðlar, gestir og listvinir /
Artists, schools, supporters, assistants, media, visitors and art lovers



SVALBARÐSTRANDAR
HREPPUR



SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland

Myndlistarsjóður
Icelandic Visual
Arts Fund

Listafólk / Artists

Aðalheiður S. Eysteinsdóttir
Anna Hallin
B. Sóley Pétursdóttir
Brynhildur Þorgeirsdóttir
Eggert Magnússon
Guðjón R. Sigurðsson frá Fagurhólsmýri
Guðmundur Ármann
Haukur Halldórsson
Helgi Valdimarsson
Helgi Þórsson
Hildur María Hansdóttir
Hjálmar Stefánsson frá Smyrlabergi
Hjalti Skagfjörð Jósefsson
Huglist
Jenný Karlsdóttir

Klemens Hannigan
Nonni Ragnas
Olga Bergmann
Pálmi Kristinn Arngrímsson
Ragnar Bjarnason frá Öndverðarnesi
Sísi Ingólfssdóttir
Stefán Sigríðar- og Tryggvason
Börn úr Valsárskóla á Svalbarðsströnd /
Valsárskóli elementary school
Börn í Leikskólanum Álfborg /
Álfborg preschool



Safnasafnið
The Icelandic Folk and
Outsider Art Museum

+ 354 461 4066
safngeymsla@simnet.is
www.safnasafnid.is
Social media: #safnasafnid

Opið / Open 06.05.–10.09.2023
Opunartími / Opening hours
10:00–17:00

Tekið er á móti hópum
eftir samkomulagi
Group visits by arrangement



SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland

